



Foreldri sem krafist er að greiði framlag:		
Nafn:		Kennitala:
Lögheimili:	Netfang:	
Staður:	Póstnúmer:	Sími:

Ungmenni sem krefst framlags:	
Nafn:	Kennitala:

Afstaða foreldris til kröfu um framlag:	
<input type="checkbox"/> Ég samþykki að greiða framlag vegna menntunar / starfsþjálfunar frá (dagsetning) til 20 ára aldurs. Framlagið verður jafnhátt einföldu meðlagi á mánuði.	
<input type="checkbox"/> Ég mótmæli kröfunni. Ef kröfunni er mótmælt skal það rökstutt hér að neðan og lögð fram fylgigögn.	

Greinargerð foreldris vegna mótmæla við kröfu um menntunarfamlag.	
Athugasemdir er varða nám ungmennis, fjárhag þess og félagslega stöðu:	
Athugasemdir er varða fjárhag og félagslega stöðu foreldris.:	
Fjöldi barna á framfæri:	

Fylgiskjöl með greinargerðinni, ef kröfu er mótmælt:	
<input type="checkbox"/> Tvö síðustu skattframtöl, hægt er að fá rafrænt afrit þeirra hjá www.skattur.is	
<input type="checkbox"/> Upplýsingar um tekjur á yfirstandandi árs, svo sem afrit launaseðla eða greiðsluseðla.	
<input type="checkbox"/> Annað, sem lagt er fram. Tilgreinið hvað það er:	

Ég lýsi því yfir að ofangreindar upplýsingar eru gefnar samkvæmt minni bestu vitund.	
Dagsetning:	Foreldri:



Framlag vegna menntunar eða starfsþjálfunar

Samkvæmt 62. gr. [barnalaga nr. 76/2003](#) getur ungmenni átt kröfu á framlagi frá foreldrum vegna menntunar eða starfsþjálfunar, frá 18 til 20 ára aldurs.

- Búi ungmenni hjá öðru foreldri sínu getur viðkomandi krafist hitt foreldrið um framlag.
- Búi ungmenni hjá hvorugu foreldri getur viðkomandi krafist framlags frá báðum foreldrum.

Samningur um framlag vegna menntunar/starfsþjálfunar.

Ef ungmenni og foreldri eru sammála um greiðslu framlags, er gerður um það samningur sem afhentur er sýslumanni til staðfestingar. Sérstakt [eyðublað er fyrir slíkan samning](#).

Ágreiningur um framlag vegna menntunar/starfsþjálfunar.

Ef ekki næst samkomulag um greiðslu framlags getur ungmennið farið fram á að sýslumaður úrskurði um að foreldri eigi að greiða framlag. Beiðnin er gerð hjá sýslumanni í því umdæmi sem ungmennið býr. Hægt er að leggja beiðnina fram með rafrænum hætti.

Athugið að framlag verður ekki ákveðið lengra en ár aftur í tímann frá því að beiðni berst sýslumanni, nema alveg sérstaklega standi á.

Algengast er að framlag vegna menntunar/starfsþjálfunar nemi einföldu meðlagi en hægt er að ákveða að framlagið sé hærra eða lægra. Fjárhæð einfalds meðlag á hverjum tíma má sjá á vef Innheimtustofnunar sveitarfélaga, [www.medlag.is](#). Framlagið er oftast ákveðið til 20 ára aldurs en hægt er að ákveða það til skemmri tíma eða hluta úr ári.

Málsmeðferð sýslumanns felst í að kynna foreldri framkomna kröfu og gefa foreldrinu kost á að tjá sig um málið. Ef foreldri mótmælir kröfunni er óskað eftir gögnum um fjárhag og félagslega stöðu, svo sem tvö síðustu skattframtöl og upplýsingar um tekjur á yfirstandandi ári.

Foreldri getur einnig samþykkt kröfuna og þá gefur sýslumaður út staðfestingu á samningi. Greiðslur samkvæmt staðfestum samningi er hægt að innheimta hjá foreldri. Einnig er hægt að biðja Tryggingastofnun ríkisins um að hafa milligögnu um greiðslur.

Ef foreldri mótmælir kröfu um framlag úrskurðar sýslumaður í ágreiningsmálinu. Við ákvörðun sýslumanns er höfð hliðsjón af tekjum og aðstæðum ungmennis og foreldris. Úrskurð sýslumanns er hægt að kæra til dómsmálaráðuneytisins innan tveggja mánaða frá dagsetningu hans.

Ef foreldri sinnir ekki boðunum sýslumanns eða tilmælum um að leggja fram gögn, getur sýslumaður krafist afhendingar skattframtals viðkomandi hjá Skattinum. Ef ekki tekst að kynna foreldri kröfuna, þar sem tekst að fá upplýst hvar foreldri býr, er sýslumanni heimilt að auglýsa í Lögbirtingablaði að krafan hafi komið fram.

Breyting á úrskurði sýslumanns um framlag.

Sýslumaður getur breytt úrskurði um menntunarframlag, ef rökstudd krafa kemur fram um það, enda sé sýnt fram á að hagir foreldris eða barns hafi breyst.

Greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins:

Ungmenni sem á að fá framlag vegna menntunar eða starfsþjálfunar samkvæmt úrskurði eða samningi, getur sótt um að Tryggingastofnun ríkisins greiði út framlagið. Umsóknina skal leggja fram með rafrænum hætti á Mínum síðum [www.tr.is](#). Sjá nánar um skilyrði greiðslu: <https://www.tr.is/fjolskyldur/greidslur-vegna-ungmenna/framlag-vegna-menntunar-ungmenna>

Ef sýslumaður hefur með úrskurði hafnað kröfu um framlag vegna menntunar eða starfsþjálfunar, vegna efnaleysis foreldris, er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða ungmenninu barnalífeyri sem er jafnhár einföldu meðlagi.

Sjá upplýsingar Tryggingastofnunar: <https://www.tr.is/fjolskyldur/greidslur-vegna-ungmenna/barnalifeyrir-vegna-nams>

Einnig getur ungmenni á aldrinum 18-20 átt rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun vegna menntunar/starfsþjálfunar ef foreldri er látið, ef foreldri er lífeyrisþegi eða ef ungmenni er ófeðrað, sjá nánar [upplýsingar á vef Tryggingastofnunar](#). Í slíkum tilvikum leggur ungmennið ekki fram erindi til sýslumanns, heldur snýr sér til beint til Tryggingastofnunar.

Sjá einnig upplýsingar á vef sýslumanna hjá island.is, <https://island.is/framlag-vegna-menntunar>.